

Leiðbeiningar um val í INNU til nýnema í bóknámi

FYRSTA SKREF

1. Til að komast í INNU þarfut að hafa notandanafn og aðgangsorð. Notandanafnið er kennitalan þín og ef þig vantart aðgangsorð geturðu sótt það með því að smella á „gleymt lykilorð“, þá færðu nýtt lykilorð sent í tölvupósti.
2. Upplýsingar um þá áfanga sem eru í boði og framvindu í verknámi og bóknámi er að finna á heimasíðu skólans en hafa einnig verið sendar nemendum í tölvupósti.
3. Þú getur prentað út eða skrifað niður hvaða áfanga þú vilt taka á næstu önn af þeim sem í boði eru. Þú getur líka skoðað hvaða áfangar eru á þinni braut á heimasíðu skólans (undir Námið – Brautir – ný námskrá).
4. Þú átt að velja 7 áfanga í aðalval (með íþróttum).
5. Þú átt að velja 1-2 áfanga í vali.
6. Þú átt að velja 1 áfanga til að hafa sem **VARAVAL**.

ANNAÐ SKREF

1. Opnaðu INNUNA frá heimasíðu skólans. Stundataflan þín kemur upp.
2. Smelltu á NÁMSFERILL (á borðanum vinstra megin).
3. Smelltu á SKRÁ ÁFANGA (grár hnappur, ofarlega, hægra megin).
4. Staðfestu að önnin sé rétt, **20161** Dagskóli (Velja).
5. Skráðu einn áfanga í einu. Veldu áfangann, aðeins eru sjáanlegir þeir áfangar sem eru í boði.
6. **Tilgreindu** uppbyggingu, þ.e. hvort áfanginn er **KJARNI eða VAL**
7. Veldu AÐALVAL eða VARAVAL.
8. Smelltu á NÝSKRÁ.
9. Ef þú gerir villu eða þarf að eyða áfanga: Smelltu á áfangann og veldu EYÐA. Ef þú vilt eyða öllu og byrja upp á nýtt: Smelltu á NÁMSFERILL og svo EYÐA ÁÆTLUN (efst í hægra horni).
10. Ath. allir þurfa að velja íþróttir!

Nemendur geta leitað aðstoðar hjá námsráðgjafa eða aðstoðarskólameistara við valið. Það er mikilvægt að allir nemendur sem ætla sér að stunda nám í skólanum á vorönn velji áfanga til að vera með í pottinum þegar stundataflan er gerð.

Vali þarf að vera lokið í síðasta lagi **miðvikudaginn 14. október**. Ef þú hefur ekki gengið frá valinu þá, verður litið svo á að þú ætlir ekki að koma í skólann á vorönn = enginn gíróseðill = engin stundatafla.

Gangi þér vel,
aðstoðarskólameistari.